

Langanesbyggð (kt.420369-1749) hér eftir nefnd leigjandi og Þórshafnarkirkja (kt.611196-2539) hér eftir nefnd húseigandi gera með sér svohljóðandi

samkomulag

um tímabundinn rekstur á húsnæði undir líkgeymslu í Þórshafnarkirkju.

1. Leigjendur sjá um að...:

- 1.1.** yfirfara allan rafbúnað í geymslunni og sjá til þess að hann sé í lagi á leigutíma.
 - 1.2.** gera við rakaskemmdir á veggjum, mála veggi og halda geymslunni hreinni.
 - 1.3.** útvega ábyrgan starfsmann sem ber ábyrgð á geymslunni þegar hún er í notkun, þ.e. sá starfsmaður mun opna geymsluna þegar hana þarf að nota, þvífa eftir notkun og sjá til þess að búnaður sé í lagi á meðan geymslan er í notkun.
 - 1.4.** hurðarbúnaður og læsingar séu í góðu ásigkomulagi.
 - 1.5.** aðgengi utanhúss verði í góðu horfi og að snjómokstri sé sinnt eftir þörfum.
- 2.** Leigjandi greiðir sóknarnefnd kr.120.000 í rafmagnskostnað m.v. 12 mánaða tímabil.
- 3.** Umsjón með verkþáttum, af hálfu leigjenda, er í höndum Þjónustumiðstöðvar Langanesbyggðar.

4. Gildistími:

- 4.1.** Samkomulag þetta gildir frá og með undirritun þess til og með 31. maí 2026 eða þar til varanleg lausn finnst fyrir líkgeymslu á svæðinu.
- 4.2.** Samningsaðilar eru ásáttir um að framlengja samstarf þetta ef ekki finnst annað húsnæði fyrir líkgeymslu að samningstíma loknum. Framlenging er til sex mánaða í senn hverju sinni nema að annar hvor aðili segi honum upp skv. gr.4.3.
- 4.3.** Samkomulagi þessu geta báðir aðilar sagt upp með sex mánaða fyrirvara.

Þórshöfn 27. febrúar 2025.

f.h. Langanesbyggðar

f.h. Sóknarnefndar Þórshafnarkirkju

Hauðóra Sigurður Ágústsdóttir